

Móttakandi: Skipulags- og umhverfisnefnd
Málsaðili: Selvík ehf
Varðandi: 2106070 Minnisblað_Íris
Dags.: 30. júní 2021
Málsheiti Fyrirspurn vegna breytinga á Gránugötu 15B Siglufirði

Þann 26. Júní 2021 barst Fjallabyggð fyrirspurn frá Róberti Guðfinnssyni f.h. Selvíkur ehf. vegna fyrirhugaðra breytinga á útliti og starfsemi Gránugötu 15b. Áætlað er að breyta húsnæðinu í svítur og útlit hússins yrði í anda Sigló Hótel skv. frumdrögum teikninga sem fylgdu erindinu. Inngangur yrði á norðurgafli hússins og bílastæði í sundinu við norðurenda hússins. Óskað var eftir umsögn nefndarinnar um verkefnið áður en ráðist verður í frekari hönnun.

Skipulagsleg staða lóðarinnar og aðliggjandi starfsemi

Samkvæmt aðalskipulagi er Gránugata 15B staðsett á skilgreindu athafnasvæði. Athafnasvæði er skv. skipulagsreglugerð svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Í nýsamþykktu Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 gilda eftirfarandi skipulagsákvæði fyrir reitinn 217 AT sem lóðin stendur á: Verslun og þjónusta tengd hafnarstarfsemi er leyfileg t.d.sala á fiskiafurðum

Starfseminn í kringum lóðina er fjölbreytt atvinnustarfsemi s.s. lyfjaverksmiðja, vélaverkstæði og hafnsækin starfsemi við höfnina.

Þar sem starfsemi hótélreksturs samræmist ekki þeirri landnotkun sem gert er ráð fyrir á svæðinu þyrfti fyrst að ráðast í breytingar á aðalskipulagi áður en hægt yrði að samþykkja þá tillögu sem lögð er fram. Sú breyting yrði kostuð af sveitarfélaginu. Að því loknu þyrfti að ráðast í gerð deiliskipulags fyrir lóðina, það yrði kostað af umsækjanda. Í deiliskipulagi yrðu settir fram ítarlegri skilmálar fyrir lóðina en settir eru fram í aðalskipulagi sem er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir árekstra ólíkrar starfsemi á svæðinu.

Virðingarfyllst,
Íris Stefánsdóttir
Skipulags- og tæknifulltrúi

